

ÁKÆRENDARFÉLAG ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 135/560
komudagur 30.11.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 29. nóvember 2007

Ákærindafélagi Íslands hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar dags. 15. þ.m., frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, þingskjal 197, 184. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á almennum hegningarlögum í því skyni að fullgilda megi samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi (Palermó-samningur) frá 15. nóvember 2000 og bókun við þann samning frá sama tíma um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, Evrópuráðssamning um varnir gegn hryðjuverkum og Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir mikilvægum breytingum á ákvæðum almennra hegningarlaga um upptöku eigna með hliðsjón af athugasemdum í skýrslum GRECO og FATF.

Ákærindafélag Íslands telur frumvarp þetta vera mikið framfaraspor, gerir ekki athugasemdir við efni þess, og mælir með að það verði lögtekið.


Helgi Magnús Gunnarsson formaður

Póstfang:
Helgi Magnús Gunnarsson
Snorrabraut 83
105 Reykjavík

Sími:
896 4185

Netfang:
hmg@rls.is

Kemitala:



Barnaheill

Save the Children Iceland

Alþingi
Erindi nr. P 135/952
komudagur 14.12.2007

Nefndasvið Alþingis
b.t. Selmu Hafliðadóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2007

Umsögn um: Frumvarp til laga um breytingu á alm.hgl, 184 mál, upptaka eigna, hryðjuverk, mansal o.fl.

Þessi umsögn Barnaheilla lýtur aðeins að því sem viðkemur mansali í ofangreindu frumvarpi.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna þeim breytingum sem höfundar frumvarpsins boða í frumvarpinu um mansal. Samtökin telja að samþykkt þess yrði stórt skref í rétta átt í baráttunni gegn mansali sem allir geta verið sammála um að ógni mannréttindum og grundvallargildum í lýðræðisþjóðfélögum.

Barnaheill fagna sérstaklega þeirri viðbót við refsíákvæðið gegn mansali (227. gr. a almennra hegningarlaga sem lögfest var með lögum nr. 40/2003) að ef brot beinist gegn barni skal taka það sérstaklega til greina til þyngingar refsingunni þegar refsíákvörðun er tekin. Barnaheill styðja allar þær breytingar á gildandi mansalsákvæði hegningarlaga sem taldar eru upp í frumvarpinu.

Barnaheill fagna því einnig að leitast sé við að endurskoða gildandi ákvæði almennra hegningarlaga með það í huga að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi (Palermó-samninginn) frá 15. nóvember 2000 og bókun við þann samning um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn.

Einnig fagna Barnaheill því að verið sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hægt sé að fullgilda Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005. Í frumvarpinu segir að gera verður þann fyrirvara varðandi fullgildingu þess samnings að hann kunni að kalla á aðrar lagabreytingar svo unnt verði að fullgilda hann. Barnaheill þrýsta á að allar frekari lagabreytingar sem taldar verða nauðsynlegar til að hægt verði að fullgilda samninginn, verði gerðar.

Þess má geta að einn af vinnuhópum Evrópuhóps Barnaheilla berst gegn mansali á börnum. Evrópuhópurinn leggur áherslu á að það sem barni er fyrir bestu skal ávallt haft að leiðarljósi þegar tekið er á mansali þar sem börn eiga í hlut. Staða barnsins sem innflytjanda ætti í þessu sambandi ekki að verða aðalatriðið.

Evrópuhópur Barnaheilla leggur áherslu á að börn sem orðið hafa fyrir mansali fái áfallahjálp og aðhlyningu og aðgang að allri þjónustu ss. félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og skólagöngu. Börnin fái einnig tilsjónarmann meðan á ferlinu stendur. Hafa þarf upp á fjölskyldu barnsins, án þess að barninu eða fjölskyldunni verði stefnt í hættu. Mikilvægt er að barnið verði einungis sent til síns heima ef aðstæður þar eru öruggar.

Evrópuhópur Barnaheilla leggur einnig áherslu á að mikilvægt sé að barnið sé upplýst og að það sé haft með í ráðum en verði aldrei gert ábyrgt fyrir þeim aðstæðum sem það hefur lent í, né heldur fyrir ákvarðanatöku og lausn mála. Evrópuhópurinn leggur mikla áherslu á



Barnaheill

Save the Children Iceland

samvinnu stjórnvalda, alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka í hverju landi fyrir sig í mótun stefnu og verklagsreglna um þessi mál og að meginábyrgðin liggi hjá ríkisvaldinu. Hlutverk sveitarfélaga, foreldra og annara sem annast börn er einnig afar mikilvægt sem og samvinna lögreglufirvalda, barnaverndaryfirvalda og dómskerfisins.

Barnaheill vilja einnig minna á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru, og á það að sjálfsögðu einnig við í þessum málum. Samtökin vilja því ítreka hér hvatningu sína til stjórnvalda um lögfestingu Barnasáttmálans og vísa í umsögn sína um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18, 2. nóv. 1992. (7. mál.) sem þau sendu inn þann 16. nóvember síðastliðinn.

Virðingafyllst,

Petrína Ásgeirsdóttir
Petrína Ásgeirsdóttir,
framkvæmdastjóri Barnaheilla.

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/790
komudagur 5.12.2007



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. desember 2007

Tilvísun : 2007110025

Vísað er til bréfs dags. 15. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til almennra hegningarlaga, upptaka eigna, hryðjuverk, mansal o.fl., 184. mál. Beðist er velvirðingar á því að ekki reyndist unnt að skila umsögn innan tilgreindra tímamarka.

Barnaverndarstofa telur ástæðu til að mæla sérstaklega með samþykkt þessa frumvarps. Barnaverndarstofa fagnar aukinni áherslu á að styrkja baráttuna gegn mansali og að Ísland geti fullgilt Palermó samninginn, sérstaklega bókunina um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn. Barnaverndarstofa telur mjög mikilvægt að styrkja ákvæði 227. gr. a. í almennum hegningarlögum um mansal með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu og að taka upp sem sérstaka refsíþyngingarástæðu ef brot beinist gegn barni.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir



**amnesty
international**

Íslandsdeild - Iceland section
Hafnarstræti 15 - P.O. Box 618
121 Reykjavík - Iceland
Tel.: 354-551 6940
Fax: 354-561 6940
E-mail: amnesty@amnesty.is

*Alþingi
Erindi nr. P 135/1843
komudagur 19.3.2008*


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. mars 2008

Hjálögð er umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningabætti). Þingskjal 197-184 mál.

Það er von deildarinnar að Alþingi taki tillit til athugasemda Amnesty International við afgreiðslu laganna.

Virðingarfyllt


Jóhanna K. Eyjólfsdóttir
Framkvæmdastjóri
Íslandsdeildar Amnesty International



**amnesty
international**

Íslandsdeild - Iceland section
Hafnarstræti 15 - P.O. Box 618
121 Reykjavík - Iceland
Tel.: 354-551 6940
Fax: 354-561 6940
E-mail: amnesty@amnesty.is

Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um

**frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19
12. febrúar 1940, með síðari breytingum
(upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og
peningabætti).**

**(Lagt fyrir Alþingi 135. löggjafarþing 2007-2008)
Þskj. 197 - 184. mál**

I Inngangur

Íslandsdeild Amnesty International barst ekki beiðni frá Alþingi um gerð umsagnar við ofangreint frumvarp. Amnesty International eru alþjóðleg samtök fólks sem berst fyrir vernd og framgangi mannréttinda. Í frumvarpinu er að finna lagaákvæði er varða mansal og hryðjuverk. Baráttan gegn mansali er eitt af viðfangsefnum Amnesty International og eins hefur Amnesty International lagt ríka áherslu á að í baráttunni gegn hryðjuverkum sé ekki vegið að eða grafið undan mannréttindum. Með vísan til framangreinds vill Íslandsdeild Amnesty International koma eftirfarandi á framfæri við Alþingi. Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um hryðjuverk, peningabætti og mansal og að lögfestur verði nýr kafli um upptöku eigna auk nýs ákvæðis um skipulagða brotastarfsemi. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að með breytingum þessum sé að því stefnt að uppfylla skilyrði til að unnt sé að fullgilda tvo Evrópuráðssamninga, annars vegar um varnir gegn hryðjuverkum og hins vegar um aðgerðir gegn mansali og samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi (Palermó-samning) og bókun um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn.

II Aðgerðir gegn mansali

Af athugasemdum með frumvarpinu má ráða að með því sé einungis verið að uppfylla þær kröfur Evrópuráðssamningsins um aðgerðir gegn mansali er lúta að fullnægjandi refsíákvæðum í lögum. Amnesty International hefur lagt áherslu á að Evrópuríki fullgildi umræddan samning sem allra fyrst og hefur Íslandsdeild samtakanna hvatt íslensk stjórnvöld til þess. Íslandsdeildin vill því taka fram að hún fagnar því að frumvarp þetta hafi verið lagt fram en með því eru tekin fyrstu skrefin til að unnt sé að fullgilda samninginn. Deildin hvetur jafnframt íslensk stjórnvöld til að gera svo skjótt sem verða má aðrar nauðsynlegar lagabreytingar til að uppfylla kröfur samningsins en þær lúta einkum að beinni aðstoð, vernd og stuðningi við þolendur mansals. Í því sambandi er brýnt að fest verði í lög ákvæði um vernd fórnarlamba, vitnavernd, fyrirbyggjandi aðgerðir og skaðabætur. Einnig leggur deildin til að í íslenskum lögum verði að finna skilgreiningu á mansali sem endurspeglir þá skilgreiningu sem er að finna í 1. kafla 4. gr. samningsins. Amnesty International leggur ríka áherslu á að tryggt verði að lagaumhverfið og framkvæmd þess verði þannig að þolendur mansals geti óttalaust leitað stuðnings yfirvalda án þess að eiga á hættu að lenda í aðstæðum sem eru jafnslæmar eða verri en þær sem þeir eru í fyrir.

III Aðgerðir gegn hryðjuverkum og vernd mannréttinda

Á undanförunum árum hefur í nafni baráttunnar gegn hryðjuverkum verið vegið að alþjóðlegri mannréttindavernd með mjög alvarlegum hætti. Amnesty International vill því taka skýrt fram og áréttá að allar aðgerðir sem gripið er til í því skyni að koma í veg fyrir hryðjuverk verða að standast alþjóðlegar mannréttindakröfur og mega alls ekki grafa undan grundvallarréttindum sem áunnist hafa og réttarríkið byggist á. Amnesty International telur of mikinn vafa leika á hvort orðalag Evrópuráðssamningsins um varnir gegn hryðjuverkum og lagafrumvarps þess sem hér er til umfjöllunar standist þær kröfur. Amnesty International telur að ákvæði samningsins veiti ekki fullnægjandi tryggingu fyrir því að fólk verði ekki sótt til saka fyrir lögmæta andstöðu við stjórnvöld. Afar mikilvægt er að hugtakið „hryðjuverk“ fái ekki svo víða skilgreiningu í lögum, að ekki sé greint með skýrum hætti á milli ólöglegra aðgerða og andstöðu við stjórnvöld sem er lögleg og varin af alþjóðlega viðurkenndum mannréttindareglum. Í þessu sambandi vill Íslandsdeild Amnesty International einnig vekja athygli á tilmælum Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá því í mars 2005. Sú nefnd hefur eftirlit með að ríki virði skyldur sínar samkvæmt alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnómálag réttindi. Í tilvitnuðu álitu lýsti nefndin áhyggjum sínum vegna skilgreiningar íslenskra hegningarlaga á hryðjuverkum sem finna má í a-lið 100. gr. laganna. Í álitu nefndarinnar kemur fram að í ákvæðinu sé „að finna óljósa og víðtæka skilgreiningu á hryðjuverkum, sem gæti náð til lögmæts athæfis í lýðræðisþjóðfélagi og stefnt því í hættu, einkum þátttöku í opinberum mótmælum“. Íslandsdeild Amnesty International telur að fyrirhugaðar breytingar á 100. gr. samræmist ekki álitu Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og áréttar mikilvægi þess að íslensk stjórnvöld fari að tilmælum hennar.¹

¹ Concluding Observations of the Human Rights Committee: Iceland. 25/04/2005, CCPR/CO/83/ISL, Office of the High Commissioner for Human Rights, 25. apríl 2005.



Nefndasvið Alþingis

30. nóvember 2007

Allsherjarnefnd Alþingis

Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík



Varðar: Frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti), sbr. þskj. 197 – 184. mál.

Embætti lögreglustjóra hefur borist erindi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 15. þ.m., þar sem framangreint frumvarp er sent til umsagnar lögreglustjóra.

Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins er það samið í refsiréttarnefnd að tilhlutan dómsmálaráðherra. Frumvarpið felur í sér tillögur að mikilvægum lagabreytingum er varða skipulagða glæpastarfsemi, hryðjuverkastarfsemi, mansal og peningaþvætti, og tekur mið af þróun alþjóðasamninga sem átt hefur sér stað á undanförunum árum á þeim sviðum. Hafa flest nágrannaríkin farið þá leið að lögfesta þau efnisatriði alþjóðasamninga sem um ræðir enda mikil vinna og umræður að baki í sérfræðinganefndum alþjóðastofnana, t.d. í Evrópuráðinu, um skilgreiningatriði, eftirlit, viðurlög, tengsl við mannréttindarákvæði, o.fl. Fagnað er nákvæmari skilgreiningum í verknaðarlýsingum brota ásamt því sem afar mikilvægar umbætur felast í nýjum VII. kafla A í frumvarpsinu um upptöku eigna.

Embættið styður framgang frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir við einstök ákvæði þess.

F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu,


Hólmsteinn Gauti Sigurðsson, lögfr. yfirstj. 



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1348
komudagur 7.2.2008

Reykjavík, 6. febrúar 2008.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**UMSÖGN MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS UM BREYTING Á ALMENNUM
HEGNINGARLÖGUM, NR. 19 12. FEBRÚAR 1940, MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM (UPPTAKA,
HRYÐJUVERK, SKIPULÖGÐ BROTASTARFSEMI, MANSAL OG PENINGAÞVÆTTI),
134. LÖGGJAFARÞING 2007–2008, PSKJ. 197 — 184. MÁL.**

Frumvarpið ieggur til annars vegar að gerðar verði breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um hryðjuverk, peningaþvætti og mansal. Hins vegar er lagt til að lögfestur verði nýr kafli um upptöku eigna auk nýs ákvæðis um skipulagða brotastarfsemi. Í athugasemdum við frumvarpið segir að fyrirliggjandi endurskoðun sé gerð með það í huga að fært sé í fyrsta lagi að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi (Palermó-samningur) frá 15. nóvember 2000 og bókun um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, og í öðru lagi að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hægt sé að fullgilda Evrópuráðssamning um varnir gegn hryðjuverkum og Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali sem báðir eru frá 3. maí 2005.

Mannréttindaskrifstofan hefur um árabíl hvatt stjórnvöld til að fullgilda ofangreinda samninga, einkum og sér í lagi til að efla baráttuna gegn mansali sem brýtur gróflega gegn mannréttindum og grundvallarfrelsi þolenda. Skrifstofan fagnar því fyrirliggjandi frumvarpi og vonast til að stjórnvöld geri aðrar nauðsynlegar lagabreytingar til að fullgilding geti farið fram hið fyrsta. Hér er einkum átt við að brýnt er að festa í lög ákvæði um fórnarlambavernd sbr. 3.kafli og 26. gr. Evrópusamningsins, vitnavernd sbr. 28.gr., fyrirbyggjandi aðgerðir sbr. 5. og 6. gr. og formlegt samstarf við borgarlegt samfélag sbr. 35. gr. Evrópusamningsins. Nánari útfærslu á aðgerðum til að berjast gegn mansali í kynlífsiðnaði á Íslandi er að finna í meðfylgjandi skjali *Tillögur vegna aðgerðaáætlunar gegn mansali á Íslandi* sem Mannréttindaskrifstofan samdi í tengslum við *16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi árið 2007*. Einnig er bent á umsagnir Mannréttindaskrifstofunnar um frumvörp um fórnalamba- og vitnavernd sem lögð hafa verið fram á fyrri þingum.

Skrifstofan fagnar því að lagt er til að fylgt verði 4. gr. Evrópusamningsins með nákvæmari hætti en gert er í núgildandi ákvæði en vekur athygli á að í skilgreiningu Evrópusamningsins er sérstaklega kveðið á um að það teljist til mansals, við ákveðnar aðstæður, að misnota manneskju til vændis. Í 224 gr. norsku hegningarlagana segir: Den som ved vold, trusler, misbruk av sårbar situasjon eller annen utilbørlig atferd utnytter en person til a) **prostitusjon eller andre seksuelle formål**. Í sænsku lögunum vísar ákvæði 4. kafli 1a).1. til kynferðisbrota en einnig er talað um „utnyttjas för **tilfälliga sexuella förbindelser eller på annat sätt utnyttjas för sexuella ändamål**. Í dönskum hegningarlögum, gr. 262a er talað um „kønslig usædelighed”. Mannréttindaskrifstofan telur æskilegt að í ákvæðinu verði talin upp kynferðisbrot og vændi sérstaklega auk annarrar kynferðislegrar misnotkunar, í samræmi við Evrópusamninginn og löggjöf nágrannalanda okkar.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Í hnattvæddri baráttu gegn hryðjuverkum hefur alþjóðleg mannréttindavernd beðið mikinn hnekki á undanförmum árum. Brýnt er að berjast gegn hryðjuverkum en mannréttindum má ekki fóma með vísan til öryggissjónarmiða. Í mars 2005 lýstu sérfræðingar mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, sem fylgist með framfylgd alþjóðasamnings um borgarleg og stjórnmálaleg réttindi, áhyggjum sínum af skilgreiningu íslenskra hegningarlaga á hryðjuverkum sem finna má í a-lið 100. gr. Mannréttindanefndin telur að í ákvæðinu sé „að finna óljósa og víðtæka skilgreiningu á hryðjuverkum, sem gæti náð til lögmæts athæfis í lýðræðisþjóðfélagi og stefnt því í hættu, einkum þátttöku í opinberum mótmælum“. Nefndin mælist til að Ísland „móti og taki upp nákvæmari skilgreiningu á hryðjuverkum“.¹

Mannréttindaskrifstofan telur fyrirhugaðrar breytingar á 100. gr. ekki fullnægja kröfum Mannréttindanefndarinnar og áréttar mikilvægi þess að íslensk stjórnvöld fari að tilmælum hennar.

Mannréttindaskrifstofan hefur engar athugasemdir við ákvæði um upptöku eigna og skipulagða brotastarfsemi.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri

¹ „Concluding Observations of the Human Rights Committee: Iceland. 25/04/2005“, CCPR/CO/83/ISL, Office of the High Commissioner for Human Rights, 25. apríl 2005. <http://www.ophchr.org>.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

TILLÖGUR VEGNA AÐGERÐAÁÆTLUNAR GEGN MANSALI Á ÍSLANDI

Frá 25. nóvember til 10. desember 2007 stóðu 16 félagasamtök og stofnanir fyrir 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi í fimmta sinn. Átakinu lauk í ár með afhendingu áskorunar frá rúmlega tvöþúsund Íslendingum til yfirvalda um að setja fram heildstæða aðgerðaáætlun gegn mansali á Íslandi er hafi mannréttindi og vernd til handa fórnarlömbum að leiðarljósi.

Það er fagnaðarefni að ríkisstjórnin hafi samþykkt að gera aðgerðaáætlun gegn mansali en aðstandendur 16 daga átaks hafa tekið saman meðfylgjandi tillögur varðandi slíkra áætlun og bjóða jafnframt fram krafta sína til samstarfs.

Inngangur

Mansal er nútíma þrælahald sem hefur ótal birtingarmyndir. Þolendur mansals eru þvingaðir til húsverka, svo sem barnagæslu og til þernustarfa; til að vinna í verksmiðjum, í veitingahúsaíðnaði, í verkamannavinnu til sjávar og sveita og til að stunda betl. Þá telst til mansals einnig glæpastarfsemi tengd brotnámi líffæra.

Ástæður mansals eru margar og misjafnar eftir löndum. Leitin að betra lífi getur oft leitt þá sem minna mega sín í hendur glæpamanna sem notfæra sér bága stöðu fólks. Í flestum samfélögum er staða stúlkna lakari en drengja og því á kynbundið misrétti sinn þátt í því að konur og stúlkur eru útsettari fyrir mansali. Mansal er gjarnan hluti af skipulagðri glæpastarfsemi og tengist þá einnig eiturlyfja- og vopnasmygli. Mansal er glæpahópum þó sérlega ábótasöm starfsemi sem hefur tiltölulega litla áhættu í för með sér en Alþjóðavinnuáráðastofnunin áætlar að arður af mansali sé meira en 32 milljarðar bandaríkjadala á ári hverju. Arðurinn sem tengist mansali í kynlífsiðnaði felst ekki síst í því að konur má selja aftur og aftur.

Ein alvarlegasta birtingarmynd mansals er kynlífsþrælkun þar sem þolendur eru gerðir út í vændi eða annars konar kynlífsiðnað. Þess eru dæmi að Ísland hafi bæði verið notað sem viðkomustaður og áfangastaður þolenda mansals og því var 16 daga átaks á Íslandi árið 2007 er tileinkað baráttunni gegn kynlífsþrælkun.

Meðfylgjandi drög að aðgerðaáætlun til að vinna gegn mansali á Íslandi eru byggð á mannréttindanálgu og taka sérstaklega til þarfa þolenda mansals í kynlífsiðnaði. Settar eru meðal annars fram tillögur um fræðslu fagaðila og forvarnir, aðstoð og vernd fyrir þolendur; saksókn mansala og vitnavernd, vitundarvakningu um tengsl vændis, kynlífsiðnar og mansals og hvatt er til aukinna rannsókna á umfangi kynlífsþjónustu á Íslandi.

Ísland undirritaði samning Sp. um skipulagða glæpastarfsemi og bókun við samninginn um mansal árið 2000 en enn á eftir að fullgilda samþykktirnar. Ísland undirritaði samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali árið 2005 en hefur heldur ekki fullgilt hann. Samningurinn mun öðlast gildi 1. febrúar 2008. Það er ánægjuefni að á Alþingi liggur fyrir frumvarp um breytingar á almennum hegningarlögum til að unnt sé að fullgilda fyrrgreinda samninga. Aðstandendur 16 daga átaks hvetja til samþykktar frumvarpsins þó ljóst sé að frekari lagabreytinga er þörf, einkum er miða að fórnarlamba- og vitnavernd.

Meðfylgjandi drögum er ætlað að vera stjórnvöldum til aðstoðar við gerð heildstæðar aðgerðaáætlunar gegn mansali í tengslum við kynlífsiðnað á Íslandi.



MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

EFTIRFARANDI VERÐI HAFT TIL HLIÐSJÓNAR VIÐ GERÐ AÐGERÐAÁÆTLUNAR GEGN MANSALI

I. SKILGREINING

Í Palermósamningnum segir að um mansal geti verið að ræða þó samþykki liggja fyrir - ef verið er að nýta sér bágar aðstæður þolandans. Margir þolendur kynlífsþrælkunar sem samþykkja að vera fluttur milli landa eru oft komnir í vændi og vita að þeir eru að fara að starfa í einhvers konar kynlífsiðnaði en gerendur hafa blekkst þá með fölskum tilboðum um vinnu sem mun veita þeim varanlegt atvinnu- og dvalarleyfi, eða nýtt sér bágar aðstæður þeirra. Þrátt fyrir að í upphafi kunni samþykki að hafa legið fyrir, verður það að engu þegar brögðum er beitt (hótunum, þvingunum, ofbeldi eða valdniðslu) og mansal á sér stað eða að þolendur eiga ekki raunverulegt val um annað. Brýnt er að löggjöf til höfuðs mansali fylgi Palermósamningnum og skortur á samþykki sé ekki gert að skilyrði fyrir því að misnotkunin teljist mansal en einnig að byggt sé á Evrópuráðsáttunnings þar sem ekki er gert krafa um tengsl við skipulagða glæpastarfsemi til að misnotkunin teljist til mansals.

II. ÞJÁLFUN OG FRÆÐSLA FYRIR FAGSTÉTTIR

Brýnt er að fræða fagstéttir svo þær geti borið kennsl á þolendur og tryggt þeim viðunandi aðstoð og vernd.

Að bera kennsl á þolendur mansals er forsenda þess að veitt sé tilskilin aðstoð og vernd. Brýnt er að fagaðilar fái þjálfun til að þekkja einkenni mansals, t.d. lögregla og tollgæsla, útlendingastofnun, dómskerfið, heilbrigðisstarfsfólk, starfsfólk félagsmálafyrvalda, stéttarfélag, félagsamök og starfsfólk á neyðarlínum. Hér vísum við til norska gátlistans sem æskilegt væri að kynna fagaðilum og dreifa. Þjálfar þarf allar starfsstéttir sem vinna með mögulegum þolendum mansals til að gera þeim kleift að bera kennsla á einkenni mansals, þekkja þarfir þolenda og geta leiðbeint þeim um aðstoð. Fræðsla um forvarnir, greiningu, skráningu, meðferð og úrræði fórnarlamba verði hluti af námsefni allra stétta er koma þar að. Mikilvægt er einnig að þeim sem vinna að málum er varða mögulegt mansal sé ljóst hversu erfitt það er fyrir fórnarlömbin að stíga fram fyrir skjöldu, bera vitni, o.fl.

III. AÐSTOÐ VIÐ ÞOLENDUR MANSALS

Fórnarlömbum standi vernd, aðstoð og dvalarleyfi til boða óháð því hvort þau vinna með ákærvaldinu eða ekki. Í fórnarlamba- og vitnavernd felist m.a. óskilyrt félagsleg- og fjárhagsleg- og lögfræðiaðstoð, áfallahjálp, heilbrigðisþjónusta, aðstoð við atvinnuleit og starfsþjálfun. Umþóttunartími með dvalarleyfi verði sex mánuðir hið minnsta.

Þolendur mansals veigra sér oft við að leita hjálpar og liggja margar ástæður þar að baki. Nefna má skort á upplýsingum um úrræði; ótta við að vera sendir úr landi, hefndaraðgerðir fangaranna eða að vera hafnað af fjölskyldu sinni, áfallastreituröskun, skömm og hræðslu við yfirvöld. Þolendur hafa sjaldnast full réttindi í dvalarlandinu og hætta á brottvísun letur þau til að leita til yfirvalda eða vitna gegn gerendum. Til að tryggja þolendum vernd er brýnt að þau fái hið minnsta tímabundið dvalarleyfi þegar upp kemst um mansalið. Tilskipun Evrópusambandsins 2004/81/EC frá 29. apríl 2004 kveður m.a. á um tímabundin dvalarleyfi fyrir þolendur mansals sem vinna með stjórnvöldum. Í tilskipuninni seigir að aðildarríki skuli tryggja þolendum viðunandi líf skjör og aðgang að bráðaheilbrigðisþjónustu. Tilskipunin kveður einnig á um umþóttunartíma fyrir fórnarlömb, þ.e. þeim er gefinn tími til að veiga og meta hvort þau vilji vinna með stjórnvöldum við að sækja gerendur til saka. Þessi tími skal



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

vera 30 dagar hið minnsta. Belgar veita 45 daga umþóttunartíma gegn því að þolandi slíti samskiptum við geranda og þiggi aðstoð í sérstakri hjálparmiðstöð fyrir þolendur. Ef vitni gefur skýrslu, fær viðkomandi ígildi vegabréfsáritunar sem gildir í þrjá mánuði. Ef sú áritun hefur verið framlengd einu sinni, er viðkomandi skráður í gagnagrunn um útlendinga og fær tímabundið dvalarleyfi í hálf ár. Með því fær manneskjan rétt til að starfa í landinu; aðgang að félagslegri þjónustu; aðgang að menntun auk lögfræðilegrar og sálfræðilegrar aðstoðar. Umþóttunartími er fjórar vikur í Þýskalandi, í Danmörku er umþóttunartíminn hundrað dagar og þykir það allt of stutt, í Noregi fá meint vitni í mansalsmálum hálf árs umþóttunartíma og atvinnuleyfi en Ítalir eru með einhverja bestu löggjöfina þar sem þolendur fá sex mánaða, framlengjanlegt, dvalar- og atvinnuleyfi óháð því hvort borið er vitni. Boðið er upp á félagslega þjónustu, endurhæfingu, starfsþjálfun, aðstoð við atvinnuleit, ítölskukennslu og fleira. Hér er einnig vakin athygli á hinu s.k. ROSA-verkefni. Það ber þó að hafa hugfast að þolendur mansals geta haft dvalarleyfi í landinu eða verið íslenskir ríkisborgarar.

Útvega skal neyðaraðstoð eins fljótt og mögulegt er eftir að ljóst er/ eða grunur leikur á að um mansal sé að ræða. Neyðaraðstoð feli m.a. í sér að:

- Kallaður er til fulltrúi frjálsra félagasamtaka. Það væri stuðningur við þolendur og jafnframt við lögreglu með því að líkur aukast á að fórnarlömb treysti sér til þess að segja til gerenda. Hér er vakin athygli á hugmyndum „mansalshóps“ um s.k. bakhóp sem hægt væri að kalla saman.
- Tryggja skal líkamlegt öryggi þolanda, húsnæði, matföng, o.s.frv.
- Meta skal líkamlega og andlega heilsu þolanda og þörf á bráðaþjónustu.

Þolendur fá vernd og aðstoð eftir þörfum þar til þau snúa aftur sjálfviljug eða hafa fengið dvalarleyfi á Íslandi.

IV. GERENDUR FÆRÐIR FYRIR RÉTT OG ÞOLENDUM VEITT VERND

Breytingar verði gerðar á almennum hegningarlögum til að unnt sé að sækja mansala til saka og mansal teljist til alvarlegra glæpa. Brynt er að tryggja fórnarlömbum og vitnum virka vernd gegn hefndaraðgerðum eða þvingunum af hálfu mansala. Fórnarlömb mansals skuli hafa skilyrðislausan rétt á þjónustu sjálfskipaðs löglærðs talsmanns og tryggja þarf rétt til miskabóta. Fórnarlambaverndin skal ganga lengra en vitnavernd.

Til að berjast gegn mansali verður að sækja glæpamennina til saka en Palermó-bókunin og Evrópusamningurinn kveður á um að mansal, aðild að mansali, tilraunir eða hvatning til mansals eigi að gera refsivert í aðildarríkjum ásamt öðrum glæpum tengdum mansali en þolendur eru oft beittir ýmsu harðræði til að þvinga þá til hlýðni. Er hér t.d. um að ræða hótanir, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi auk þess sem vegabréf og önnur skilríki eru oft tekin af þeim.

Tryggja verður vitnum í mansalsmálum, og fjölskyldum þeirra í heimalandinu, ef svo ber undir, vernd. Vitnavernd getur falið í sér flutning vitna, breytingu á persónuupplýsingum, lögreglufylgd og fjárhagslega- og félagslega aðstoð. Vitni í mansalsmálum geta t.d. verið þolendur og einstaklingar sem tilheyrt hafa skiplögðum glæpahópum.

Brynt er að þolendur mansals séu ekki sóttir til saka vegna ólöglegar starfsemi sem þeir hafa verið neyddir til að taka þátt í vegna mansalsins. Ekki má heldur refsa þeim sem ólöglegum innflytjendum.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

V. FORVARNIR

Unnið verði gegn eftirspurn eftir kynlífsþjónustu með löggjöf og fræðslu. Íhugað verði að nýju að fara að dæmi Svía og gera kaup á vændi refsiverð. Hið opinbera stuðli að samvinnu réttarkerfis, fagaðila og málsvara fórnarlamba til að koma í veg fyrir mansal. Lög gegn klámi verði virt, s.s. ákvæði í almennum hegningarlögum, útvarpslögum, lögum um pósthjónustu, samkeppnislögum og lögum um prentrétt.

Í löndum þar sem klámiðnaðurinn blómstrar eru kjörskilyrði fyrir mansal. Illmögulegt er að skilja á milli þolenda mansals og vændis en þetta eru birtingarmyndir kynferðisofbeldis sem þrífst þar sem kaupendur eru tilbúnir til þess að kaupa sér kynferðislegan aðgang að fólki – fyrst og fremst konum. Til þess er nauðsynlegt að fræða almenning um tengsl mansals, vændis og kynlífsiðnar, með það m.a. að markmiði að draga úr eftirspurn. Mansal þrífst vegna þess að eftirspurnin er meiri en framboðið, þ.e. kaupendurnir eru fleiri en þær konur sem vilja selja aðgang að líkama sínum. Þá verður mansal í klámiðnaði ekki upprætt nema með því að vinna gegn klámiðnaðinum enda endurspeglar klám hlutgervingu kvenna og grefur undan gagnkvæmri virðingu kynjanna og hér skiptir fræðsla einnig höfuðmáli. Loks er nauðsynlegt að aðgerðir lögreglu, saksóknara, dómara, málsvara, athvarfa og félagsamtaka verði samstilltar með formlegu samstarfi.

VI. RANNSÓKNIR

Rannsóknir á umfangi kynlífsiðnaðar á Íslandi verði auknar til að koma í veg fyrir mansal og misnotkun.

Lítið er vitað um eðli og umfang kynlífsþjónustu á Íslandi en til að skilja vandann er brýnt að veita auknu fjármagni til rannsókna á kynlífsiðnaði hér á landi og aðbúnaði þeirra sem við hann vinna, og þá mögulegu mansali.

VII. EFTIRFYLGNI

Eftirlit verði haft með framfylgd aðgerðaáætlunarinnar.

Aðgerðaráætlunin verði uppfærð og ef nauðsyn krefur, færð út þegar upplýsingar um mansal verða aðgengilegri. Hér gæti e.t.v. verið æskilegt að fela e.k. mansalsfulltrúa, að fyrirmynd Evrópusambandsins, að fylgjast með framfylgd áætlunarinnar.¹ Fulltrúinn myndi þá aðstoða við að koma áætluninni í framkvæmd, safna upplýsingum og koma með tillögur að umbótum til að koma í veg fyrir mansal.

VIII. INNLEIÐING ALÞJÓÐASAMÞYKKTA

Hvatt er til að alþjóðasamningar er snerta mansal verði innleiddir í íslensk lög og tillit tekið til alþjóðasamþykktar við gerð aðgerðaáætlunarinnar.

Má hér nefna:

- *Samning Sp um gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi og bókun við hann um mansal.*
- *Samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali.*
- *Tilskipun Evrópuráðsins 2004/81/EC frá 29. apríl 2004 um að veita fórnarlömbum mansals dvalarleyfi.*
- *Valfrjálsa bókun við Barnasáttmálann, um sölu barna, barnavændi og barnaklám.*
- *Tilmæli Mannréttindafulltrúa Sp frá 2002 um meginreglur og viðmið um mannréttindi og mansal.*
- *Ályktun Öryggisráðs Sp númer 57/176 frá 18. desember 2002, sem ber heitið „Mansal á konum og stúlkum“.*




MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Í þessu samhengi má einnig benda á ýmislegt gagnlegt efni sem unnið hefur verið á vettvangi alþjóðastofnana:

- *Handbook for Parliamentarians; The Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings*
http://assembly.coe.int/committeedocs/2007/Trafficking-human-beings_E.pdf
- *UNODC Toolkit to Combat Trafficking in Persons*
http://www.unodc.org/pdf/Trafficking_toolkit_Oct06.pdf
- *OSCE Action Plan to Combat Trafficking in Human Beings*
http://www.osce.org/documents/pc/2005/07/15594_en.pdf
- *UNDCO Model Witness Protection Bill (2000)*
http://www.unodc.org/pdf/lap_witness-protection_2000.pdf
- *WTO Guidelines for medico-legal care for victims of sexual violence*
[http://www.who.int/violence_injury_prevention/publications/violence/med leg guide lines/en/](http://www.who.int/violence_injury_prevention/publications/violence/med_leg_guide_lines/en/)
- *Report of the Experts Group on Trafficking in Human Beings, European Commission, 22 December 2004,*
http://ec.europa.eu/justice_home/doc_centre/crime/trafficking/doc/part_2_en.pdf.

Alþingi
Erindi nr. P 135/561
komudagur 30.11.2007

Alþingi
Allsherjarnefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 28. nóvember 2007

Tilvísun: 2007110831 PS/--

Efni: Umsögn Persónuverndar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum

Persónuvernd vísar til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2007, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, n.t.t. í tengslum við upptöku eigna, hryðjuverk, mansal o.fl. (pskj. 197, 184. mál á 135. lögjafarþingi).

Ljóst er að öll refsíakvæði geta haft í för með sér skerðingu á friðhelgi einkalífs, enda kallar rannsókn mála iðulega á að kannaðir séu hagir sakbornings, auk þess sem sakaður maður hlýtur að verða fyrir opinberum afskiptum af persónulegum högum sínum með einum eða öðrum hætti. Slíkt felur ávallt í sér einhverja vinnslu persónuupplýsinga um sakaðan mann.

Í umræddu frumvarpi eru lagðar til breytingar á verknaðarlýsingum, refsingum fyrir tiltekin brot o.fl. Að baki tillögum þar að lútandi liggur þjóðfélagslegt og refsipólitískt mat sem Persónuvernd telur að mestu, þegar litið er til efnis umræddra tillagna, þess eðlis að það falli utan verksviðs stofnunarinnar að fjalla um það sérstaklega.

Þó telur stofnunin það ekki eiga við um 2. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að heimildir til eignaupptöku verði rýmkaðar. Er þá litið til þess að m.a. tölvubúnaður kann að vera gerður upptækur við eignaupptöku, en í tölvum geta verið vistuð persónuleg gögn og margs konar persónuupplýsingar, eftir atvikum viðkvæmar.

Í c-lið 2. gr. frumvarpsins er að finna reglur um upptöku á eignum sakbornings, sem og maka eða sambúðaramaka hans, þegar framið hefur verið brot sem er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning. Er þá ekki gert að skilyrði að þær eignir, sem gerðar eru upptækar, feli í sér ávinning af því tiltekna broti. Þess í stað er miðað við að tekjur og eignir sakbornings, sem og maka hans (enda sé mögulegt að hann hafi skráð eignir á maka sinn til að koma þeim undan), kunni að vera afrakstur annarra brota, eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins við c-lið 2. gr. Þess vegna megi gera þær upptækar, enda sýni sakborningur ekki fram á að verðmætanna hafi verið aflað á lögætán hátt.

Í IV. kafla almennra athugasemda með frumvarpinu er vísað til dóms mannréttindadómstóls Evrópu frá 5. júlí 2001 í máli nr. 41087/98 í þessu sambandi, þ.e. er í máli Phillips gegn Bretlandi. Þar komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að það hefði ekki falið í sér brot gegn nánar tilteknum ákvæðum sáttmálans að gerð var eignaupptaka hjá stefnanda vegna fíkniefnabrots, þrátt fyrir að ekki hefði verið um að ræða ávinning af því broti sem hann var dæmdur fyrir.

Eignaupptakan byggðist á lögum um refsingar fyrir eiturlyfjasölu frá 1994 (Drug Trafficking Act 1994), þ.e. 2. og 3. mgr. 4. gr. laganna. Þar er mælt fyrir um að dómstóll skuli, þegar dæmt er fyrir eiturlyfjasölu, líta á allar eignir sakbornings, sem og eyðslu hans, á síðustu sex árum áður en ákærumeðferð hófst sem ágóða fyrir slíka sölu. Skuli eignaupptaka af sakborningi taka mið af þessu, enda sýni sakborningur ekki fram á að tiltekna eignir eða tiltekin eyðsla tengist ekki slíkum brotum, auk þess sem beiting reglunnar má ekki leiða til verulegrar hættu á óréttlátri niðurstöðu. Í 8. mgr. 2. gr. kemur fram að um sönnun fer eftir reglum um meðferð einkamála (sjá 21. og 22. efnisgrein dómsins).

Eins og fram kemur í frumvarpinu taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 2. mgr. 6. mannréttindasáttmálans um að hver skal teljast saklaus uns sekt er sönnuð. Ástæðan var sú að eignaupptakan var talin til viðurlaga fyrir það brot sem sakborningurinn var dæmdur fyrir. Ekki var, m.ö.o., litið svo á að með eignaupptökunni væri í raun verið að bera hann sökum um fleiri brot í þeim skilningi sem leggja bæri í orðin „borinn er sökum“ í umræddu ákvæði sáttmálans (sjá 31.–36. efnisgrein dómsins).

Einnig var metið hvort brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um rétt til réttlátrar málsmeðferðar. Eins og fyrr greinir var litið til þess að samkvæmt breskum lögum á sakborningur kost á því að færa sönnur á að tiltekna eignir eða tiltekin eyðsla tengist ekki eiturlyfjasölu, sem og að beiting umræddrar reglu má ekki fela í sér verulega hættu á óréttlátri niðurstöðu. Í ljósi þess taldi dómstóllinn að til staðar væru tryggingar (safeguards) fyrir því í löggjöf að ekki væri brotið gegn umræddu ákvæði sáttmálans (43. efnisgrein dómsins). Í ljósi þess, sem og þess hvernig löggjöfinni var beitt af breskum dómstólum, taldi mannréttindadómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn þessu ákvæði (sjá 47. efnisgrein dómsins).

Að svo búnu fjallaði dómstóllinn um það hvort brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmálann um friðhelgi eignaréttarins. Dómstóllinn leit sérstaklega til þess að umræddum ákvæðum breskra laga *er stefnt gegn eiturlyfjasölu* (52. efnisgrein dómsins). Taldi dómstóllinn, m.a. í ljósi *mikilvægis þessa markmiðs*, að ekki hefði verið brotið gegn framangreindu ákvæði sáttmálans (54. efnisgrein dómsins).

Þegar litið er til þess sem síðast greinir telur Persónuvernd ekki unnt að fullyrða að það myndi samrýmast mannréttindasáttmála Evrópu að lögfesta ákvæði 2. gr. frumvarpsins óbreytt. Sá dómur, sem vísað er til í frumvarpinu, verður að skoðast í ljósi atvika þess tiltekna máls sem þar var til umfjöllunar. Það mál varðaði eiturlyfjasölu og kemur fram í dóminum að dómstóllinn taldi að baráttan gegn henni væri það mikilvæg að setning framangreindra ákvæða breskra laga væri réttlætanagerleg. Í frumvarpinu eiga sambærileg ákvæði hins vegar að gilda um *öll brot sem eru til þess fallin að hafa verulegan ávinning í för með sér*. Dómur mannréttindadómstólsins, einn og sér, verður ekki talinn nægja til að álíta slíka lagasetningu samrýmast sáttmálanum.

Þá verður að líta til þess að í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði sambærilegt við það ákvæði umræddra breskra laga að eignir skulu ekki gerðar upptækar sé á því veruleg hættu að slíkt leiði til óréttlátrar niðurstöðu. Að auki er ekki í frumvarpstextanum tekið fram hvaða kröfur skuli gera til


sönnunar sakbornings á því að eignir tengist ekki afbrotum, s.s. hvort sönnunarkröfur í einkamálum eða refsímálum eigi að gilda. Slíkt er hins vegar gert í bresku lögunum og eru þar tiltekna sönnunarkröfur einkamála eins og fyrir greinir. Loks ber að nefna að þau ákvæði, sem vísað er til í dómi mannréttindadómstólins, gera ekki ráð fyrir upptöku á eignum maka eða sambúðarmaka sakbornings.

Samkvæmt þessu er gildissvið reglna frumvarpsins bæði viðtækara en bresku laganna, auk þess sem ekki er þar að finna allar sömu tryggingarnar fyrir því að réttinda sakbornings sé gætt og í bresku lögunum.

Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd að hér beri að sýna varúð í ljósi sjónarmiða um friðhelgi einkalífs, en eins og fyrir greinir gæti umrædd eignaupptaka m.a. beinst að tölvum sem kunna að hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar. Telur stofnunin því mikilvægt að eftirfarandi sé haft í huga áður en tekin er ákvörðun um lögfestingu heimilda eins og þeirra sem hér um ræðir:

1. Hvaða afbrot séu það alvarleg, og það brýnir þjóðfélagshagsmunir af að barist sé gegn, að rétt sé að lögfesta slíkar heimildir.
2. Hvort raunverulega sé þörf á að láta heimild til eignaupptöku ná til eigna maka og sambúðarmaka.
3. Hvort ekki sé nauðsynlegt að mæla fyrir um það með skýrari hætti hvernig tryggt skuli að réttinda sakbornings (og eftir atvikum annarra) sé gætt við eignaupptökuna.

Virðingarfyllt
f.h. forstjóra Persónuverndar


Þorður Sveinsson
lögfræðingur



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/875
komudagur 10.12.2007

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 5. desember 2007

Tilvísun: 2007110176

50.03

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Embætti ríkislögreglustjóra vísar til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 15. nóvember sl., þar sem farið er fram á umsögn um frumvarp til almennra hegningarlaga, 184. mál, upptaka eigna, hryðjuverk, mansal o.fl.

Ríkislögreglustjóri gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og telur að það muni styrkja störf löggæslu- og ákærvalds.

Haraldur Johannessen / Páll E. Winkel

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/393
komudagur 26.11.2007

RH/ama

Reykjavík 23. nóvember 2007


Tilvísun 200711.1338.670

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar dags. 15. þ.m., frumvarp til almennra hegningarlaga, 184. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á almennum hegningarlögum í því skyni að fullgilda megi samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi (Palermó-samningur) frá 15. nóvember 2000 og bókun við þann samning frá sama tíma um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, Evrópuráðssamning um varnir gegn hryðjuverkum og Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir mikilvægum breytingum á ákvæðum almennra hegningarlaga um eignaupptöku, með hliðsjón af athugasemdum í skýrslum GRECO og FATF.

Af hálfu ríkissaksóknara er tekið undir tillögur sem felast í frumvarpinu.



e.u.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/603
komudagur 30.11.2007

Alþingi - nefndasvið
Efnahags- og viðskiptanefnd
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 30.11.2007

Varðar þingmál 184, frumvarp til laga um breyting á hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Samtök fjárfesta taka ekki afstöðu til framagreinds frumvarps, þar sem flest ákvæði þess fjalla um annað en það sem Samtök fjárfesta láta sig varða.

Samtök fjárfesta vilja þó undirstrika að hertar aðgerðir gegn peningabætti munu hafa jákvæð áhrif og verðbréfamarkað. Það sama á við um upptöku fjár af brotastarfsemi.

Með vinsemd og virðingu,
F.h. Samtaka fjárfesta,
Almennra hlutabréfa- og sparifjáreigenda

Vilhjálmur Bjarnason



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN
BK/eeg/07/2485

DAGSETNING
07.12.2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningþvætti, 184. mál.

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2007, var óskað eftir umsögn skattransóknarstjóra ríkisins um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningþvætti, 184. mál. Af þessu tilefni er send svofellð

u m s ö g n

Í frumvarpinu er m.a. lögð til breyting á 69. gr. laganna um upptöku eigna með því að í stað þeirrar greinar komi nýr kafli VII um upptöku. Er í 2. tl. 1. mgr. c. liðar 2. gr. gert ráð fyrir að heimild til upptöku eigna taki til brota sem varðað geta hið minnsta 6 ára fangelsi. Samkvæmt 262. gr. núgildandi laga varða stórfelld brot gegn skattalögum allt að 6 ára fangelsi. Afmarkast umsögn skattransóknarstjóra við brot gegn því ákvæði sérstaklega, þótt samskonar sjónarmið kunni að vera uppi varðandi upptöku eigna vegna annarra brota.

Mál sem sæta rannsókn hjá skattransóknarstjóra ríkisins vegna ætlaðra brota gegn skattalögum eru að lokinni þeirri rannsókn send ríkisskattstjóra sem hefur það hlutverk að lögum að endurákvarða vantalda skattstofna hafi rannsókn skattransóknarstjóra ríkisins leitt undanskot þeirra í ljós. eru þær tekjur sem þannig hafa verið duldar t.a.m. í atvinnurekstri, því skattlagðar með sama hætti og aðrar tekjur viðkomandi aðila. Auk endurákvörðunar skatta með þessum hætti er eftir atvikum beitt refsingum vegna slíkra brota í formi fésekta og/eða refsivistar varði brot við 262. alm. hgl.

Ein grundvallarregla íslensks skattaréttar er að finna í 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt þar sem gengið er út frá því að aðilar skuli telja sér til tekna þau verðmæti sem þeim hlotnast. Þannig er það grundvallaratriði að aðila hafi hlotnast þau verðmæti sem skattlögð eru. Í skattalögum er ekki tekið sérstaklega á því hvaða réttaráhrif upptaka eigna þegar skattlagðra verðmæta skuli hafa á ákvarðaðan skattstofn. Í ljósi áðurgreindrar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er a.m.k. vafa undirorpið að eignaupptöku og skattlagningu verði beitt samhliða. Í þessu sambandi er ástæða til að taka fram að tekjur sem aflað hefur verið með ólöglegri starfsemi, t.a.m. með fíkniefnasölu teljast ekki andlag skattlagningar en upptöku í stað þess beitt.



Í ljósi 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, um að álagning skatta skuli byggð á skýrum og glöggum lagareglum, er æskilegt að fyrir liggi hvort þær breytingar sem frumvarpið felur í sér geti farið saman við gildandi skattalög og núverandi framkvæmd, þ. á m. vegna brota á skattalögum.

Virðingarfyllst,

Bryndís Kristjánsdóttir,
skattrannsóknarstjóri